

Samkomulag um hlutverk og umgjörð Kjaratölfræðinefndar

Aðilar að samkomulagi þessu eru sammála um að stofna til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu tölfræðigagna um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga.

Með hliðsjón af framansögðu lýsa forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, BSRB, Kennarasamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Hagstofa Íslands og Ríkissáttasemjari hér með yfir stofnun Kjaratölfræðinefndar.

Um Kjaratölfræðinefnd gilda eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Markmið nefndarinnar er að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma.

2. gr.

Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og stofnun nefndarinnar breytir ekki lögbundnum hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa.

3. gr.

Aðilar að nefndinni eru forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, BSRB, Kennarasamband Íslands, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins og Hagstofa Íslands.

4. gr.

Félags- og barnamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn eftir tilnefningum þeirra sem eiga aðild að nefndinni, einn fulltrúa frá hverjum aðila. Ráðherra skipar jafnframt formann nefndarinnar án tilnefningar í samráði við aðila samkomulags þessa. Formaður stýrir fundum og boðar til þeirra í samráði við aðila nefndarinnar. Nefndin skal funda reglulega og setur sér tímasetta dagskrá fyrir hvert starfsár.

5. gr.

Nefndin er hýst hjá Ríkissáttasemjara sem leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Ríkissáttasemjari á ekki fulltrúa í nefndinni en leggur henni til starfsmann sem sér um gagnaöflun, skýrsluskrif og umsýslu fyrir nefndina.

6. gr.

Hagstofa Íslands sér um gagnavinnsur fyrir nefndina og er sú vinna í forgangi hjá Hagstofunni samkvæmt samkomulagi milli aðila.

7. gr.

Nefndin gefur út tvær skýrslur árlega, fyrir lok mars og lok september og skal fyrsta skýrslan birt fyrir lok mars árið 2020. Í skýrslunum eru settar fram upplýsingar sem nefndin er sammála um að gefi skýra mynd af stöðu og þróun undanfarinna ára. Nefndin markar sér sjálf efnistökin en skal þó fjalla um þróun launa, tekna og verðlags, stöðu og horfur í efnahags- og atvinnumálum, samkeppnishæfni auk alþjóðlegs samanburðar. Skal fyrri skýrslan leggja mat á stöðu og forsendur kjarasamninga en sú síðari niðurstöður kjarasamninga þegar það á við eða annað efni sem tengist markmiði nefndarinnar.

8. gr.

Nefndin kynnir niðurstöður sínar og útgáfur á opnum fundi og gerir niðurstöður aðgengilegar almenningi.

Reykjavík, 15. maí 2019



Forsætisráðherra



Fjármála- og efnahagsráðherra



Félags- og barnamálaráðherra



Hagstofa Íslands



Samband íslenskra sveitarfélaga



Samtök atvinnulífsins



Alþýðusamband Íslands



Bandalag Háskólamanna



BSRB



Kennarasamband Íslands



Ríkissáttasemjari